

Kæri starfsmaður,

Vinnustaðurinn þinn notar könnunina *Starfsmannapúlsinn* til að veita stjórnendum og starfsmönnum upplýsingar sem skipta máli til að bæta aðstæður á vinnustað, til að fyrirbyggja heilsufarsvandamál, bæta öryggi og efla hvatningu, afköst og starfsánægju.

Könnunin fer fram í mars og fær vinnustaðurinn niðurstöður í byrjun apríl. Það tekur um 10 mínútur að svara. Gagna verður aflað með rafrænum spurningarlista. Við teljum að þessi könnun geti stuðlað að meiri áherslu á mannlega þætti og góðar vinnuaðstæður.

Upplýsingarnar sem þú gefur þegar þú svarar spurningarlistanum eru verndaðar svo að óviðkomandi aðilar munu ekki fá aðgang að þeim eða geta lesið þær. Hvorki stjórnendur né nokkrir aðrir munu fá upplýsingar um svör þín. Við þurfum upplýsingar um nafn, símanúmer og netfang eingöngu til að fylgjast með hverjir eiga eftir að svara og minna á könnunina.

Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er í samræmi við GDPR reglugerð Evrópuþingsins. Fjórar leiðir hafa verið þróaðar í því skyni:

- ✓ **Öllum persónuupplýsingum er eytt áður en svörun hefst** nema að svarandi biðji sérstaklega um að vera minntur á ef hann gleymir að ljúka könnuninni. Í slíkum tilfellum er persónuupplýsingum sjálfkrafa eytt strax að lokinni svörun. Í könnuninni er ekki aflað upplýsinga um kyn eða stöðu svarenda.
- ✓ **Allar skeytasendingar eru dulkóðaðar (https:)** sem dregur úr líkum á því að hægt sé að hlera svörun um leið og hún á sér stað.
- ✓ **Opin svör eru vistuð aðskilin frá öðrum svörum könnunarinnar** sem kemur í veg fyrir að upplýsingar sem koma fram í opnu svari geti á nokkurn hátt verið tengdar svörum við fjölvalsspurningum í könnuninni.
- ✓ **Notkun á vefkökum er takmörkuð**, sjá nánar á www.visar.is undir *Persónuverndarstefna*.

Visar rannsóknir, sem sér um framkvæmd könnunarinnar, er meðlimur ESOMAR, alþjóðasamtaka rannsóknafyrirtækja og vinna samkvæmt siðareglum þeirra. Nánari upplýsingar um öryggisráðstafanir má finna í persónuverndarstefnu á www.visar.is. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með því að senda póst á personuvernd@visar.is.